

Mosfellsbær  
b/t Lára Gunnarsdóttir  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 6. september 2019  
UST201908-264/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Æsustaðir í Mosfellsbæ**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 29. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu að deiliskipulagi fyrir Æsustaði í Mosfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að tvær spildur í landi Æsustaða sem eru samtals 9,7 ha fyrir blandaða landnotkun, íbúðar- og landbúnaðar.


#### **Norðurreykjaá**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram Norðurreykjaá svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir stofnunin á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó.


#### **Bakkagróður**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur